

Guðný Zoëga

Skógar í Fnjóskadal

Framhaldsrannsókn á fornleifum vegna Vaðlaheiðargangna



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2011/119



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Fornleifarannsókn 2011.....	4
Skógar í Fnjóskadal.....	4
Skurður 11 í norðanverðan bæjarhól – teikning 6 aftast í skýrslu	5
Skurður 12 vestan og ofan bæjarhóls.....	6
Skurður 15 austan fjárhúss – teikning 2 aftast í skýrslu	9
Skurður 8 í Geitakofatóft – teikningar 3 og 4 aftast í skýrslu.....	10
Skurður 13 við norðaustur horn geitakofatóftar.....	12
Skurður 16 í stekk norðan bæjar – teikning 5 aftast í skýrslu.....	12
Skurður 17 í gegn um yngri tóft ofan á stekk	12
Aðrar minjar.....	13
Túngarður.....	14
Kolagrafir við stekkjartóft.....	14
Samantekt og niðurstöður	15
Niðurlag	17
Listi yfir borkjarna:.....	18

Inngangur

Vegna fyrirhugaðrar jarðgangnagerðar undir Vaðlaheiði gerði Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga framhalds fornleifarannsókn á jörðinni Skógum í Hálshreppi, að beiðni Vegagerðarinnar. Fornleifaskráning Skóga var unnin 2006 og var það úrskurður Minjavarðar Norðurlands eystra að nánari fornleifarannsókn þyrfti á sex minjum sem skráðar höfðu verið. Sú rannsókn fór fram á haustdögum 2010 og komu niðurstöður hennar út í rannsóknaskýrsluröð Byggðasafns Skagfirðinga.¹ Að kröfu minjavarðar varð svo framhald á rannsókninni á vordögum 2011 og eru hér kynntar niðurstöður hennar.

Við fornleifarannsóknina 2010 voru útmörk gamla bæjarhóls Skóga staðfest. Veglínan hafði verið færð eftir að fornleifaskráningin hafði farið fram og var stór hluti bæjarhólsins þar með kominn inn framkvæmdasvæði gangnanna. Sökum þess var veglínan aftur færð ofar í hlíðina þar sem hún hafði upprunalega legið. Við færslu gangnanna ofar í hlíðina mun lenda inni á framkvæmdasvæðinu fjárhústóft (Skógar 153331-78-5 í skráningarskýrslu) sem ekki var skoðuð við fyrri rannsókn þar sem hún var þá utan framkvæmdasvæðis. Sömuleiðis var stekkjartóft (Skógar 153331-78-23), sem áður var utan framkvæmdasvæðis, komin inn í skeringar við veginn að göngunum. Minjavörður Norðurlands eystra gerði í framhaldinu kröfu um frekari rannsóknir á þessum tveimur tóftum auk nánari rannsókna á útmörkum bæjarhóls og mögulegum eldri byggingastigum undir svonefndri Geitakofatóft (Skógar 153331-78-13). Einnig var gerð krafa um að reynt yrði að rekja framhald túngarðs sem rannsakaður hafði verið 2010. Garðurinn er mjög jarðsokkinn en sýnilegur ofan bæjarhóls þar sem hann hverfur á brún lækjarfarvegar. Á loftmynd virðist hinsvegar mega greina garðinn áfram til norðurs í átt að áðurnefndri fjárhústóft.


Fornleifarannsóknin fór fram dagana 18-22 nóvember 2011. Alls voru grafnir sjö könnunarskurðir til að kanna aldur og gerð minjanna. Tveir skurðanna voru teknir í útmörk bæjarhólsins. Tveir skurðir voru teknir í og við fjárhústóft. Tveir skurðir voru teknir í stekkjartóft utan túns og stækkaður var könnunarskurður nr. 8 í svokallaða Geitakofatóft ofan túns. Einnig var tekinn fjöldi borkjarna til að ákvarða nánar aldur, gerð og útmörk minja. Í skýrslunni er skurðunum gefið númer í framhaldi af skurðunum sem teknir voru 2010.

Í námunda stekkjans sem grafið var í fundust nokkrar kolagrafir sem bætt er við skráningu jarðarinnar. Fjölmargar kolagrafir er að finna í landi Skóga.

Tveir starfsmenn Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga komu að verkinu, Guðný Zoëga fornleifafræðingur og Bryndís Zoëga landfræðingur.

Eigendum jarðarinnar Skóga er þakkað góðfúslegt leyfi til rannsókna og hreppsnefnd Hálsahrepps eru þökkuð afnot af Skógahúsinu.

¹ Guðný Zoëga (2010). *Skógar í Fnjóskadal. Fornleifarannsókn vegna Vaðlaheiðarganga*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2011/112.



Mynd 1. Yfirlit yfir könnunarskurði.

Staðsetning skurða og borkjarna var mæld með Trimble Pro-Xr staðsetningartæki með um 50cm skekkjumörkum. Minjarnar sem sjást á yfirborði höfðu áður verið mældar upp. Hnitakerfið sem stuðst er við er Isn93.

Kjarnabor var notaður til að gera forkönnun á minjunum og könnunarskurðir voru svo gerðir þar sem að mannvirkjaleifar komu fram í borkjörnum. Könnunarskurðir voru teknir með gröfu. Snið skurðanna, þar sem við átti, voru mæld og teiknuð upp og þau ljósmynduð.

Aldur minja var metinn út frá gjóskulögum. Þar sem gjóska liggur óhreyfð yfir eða undir mannvistarlögum má meta aldur leifanna út frá því. Gjóskulinsur sem oft finnast í torfi gefa einnig hugmynd um það frá hvaða tíma byggingar eru. Magnús Sigurgeirsson, jarðfræðingur, greindi gjókusýni sem tekin voru. Á einum stað fannst yngri gjóska sem talin er vera frá 18. öld, e.t.v. úr Vatnajökli (1717) eða Heklu (1766). Gleggsta gjóskan á svæðinu var um 1cm þykk grá gjósk úr Veiðivötnum frá 1477 (Vv1477). Neðan hennar var að finna þynnra dekkra gjóskulag sem var greint sem gjóska úr Heklu frá 1300 (H1300). Neðan hennar var ljósa þunn gjóskulína sem líklegt má telja að sé úr Heklu frá 1104 (H1104). Neðst í tveimur skurðanna var að finna tvískipt gjóskulag, svokallaða Landnámssyrpu eða Landnámslag (Lnl) og neðan þess þykkt gulleitt forsögulegt gjóskulag úr Heklu (H3).

Fornleifarannsókn 2011



Mynd 2. Skógar í Fnjóskadal. Horft til suðausturs yfir stekkjartóft norðan bæjar.

Skógar í Fnjóskadal

Skóga er fyrst getið í heimildum frá 1454.² Seinasti torfærinn brann í nóvember 1908 og stóð hann nokkru ofar en núverandi íbúðarhús sem reist var sama ár.³ Fornleifarannsóknirnar benda til að búið hafi verið í Skógum frá því um eða fyrir að 1104 gjóskan féll.

Tafla 1. Minjarnar sem rannsakaðar voru

Númer í skráningar-skýrslu	Tegund minja	Norðun	Austun
Skógar 153331-78-2*	Bæjarhóll	549646,015	581468,028
Skógar 153331-78-5	Fjárhús	549604,115	581552,233
Skógar 153331-78-23	Stekkur	549631,373	581804,324
Skógar 153331-78-13	Geitakofi	549574,563	581421,683
Fvnr. 13116**	Kolagröf	549615,981	581777,552
Fvnr. 13117	Kolagröf	549643,470	581811,142
Fvnr. 13118	Kolagröf	549650,021	581820,045
Fvnr. 13119	Kolagröf	549655,231	581821,809

* Númer eins og þau voru skráð í skýrslu 2006. **Fastanúmer minja í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins.

² Fornbréfasafn Íslands V, bls. 119.

³ Úttektar-, uppskriftar-, og uppboðsbók fyrir Hálshrepp. Héraðsskjalasafn Þingeyinga HRP 39-2, bls 432-438.



Mynd 3. Austusnið í skurði 11. Glögg merki voru um vatnsrof í skurðinum. Hægra megin á mynd má sjá útmörk bæjarhólsins.

Skurður 11 í norðanverðan bæjarhól – teikning 6 aftast í skýrslu

Skurðurinn var tekinn nyrst á svæðinu sem afmarkað hafði verið sem möguleg útmörk bæjarhóls. Hann lá norður-suður, var 4m langur og 1,2m breiður.

Sniðteikning – austur og suðursnið

Undir grasrót [1] tók var dökkt moldarlag [2] sem í var kola- og móöskudreif og örlítið af brenndum beinum. Lagið lá eftir endilöngum skurðinum. Undir því var fremur einsleitt moldarlag [3] sem í voru fokdreifð kol. Undir því fyrir miðju skurðar var moldarlag með sandlinsum [4]. Neðan þess var mjög vatnsrótað lag [5] með mold, sandi og smásteinum með ruslaleifum, þar á meðal brot úr postulínsbolla. Undir því sitt hvoru megin var rótað einsleitt moldarlag [6] með örlitlu af brenndum beinum og kolum. Neðan þess í suðurenda skurðar var einsleitt rótað torflag [7] með dálitlu af móösku, kolum og brenndum beinum. Lagið lá undir Vv1477 en ofan á H1300. Neðan þess voru sandlag [8] og tvískipt moldarlag [9] með dálitlu af kolum. Samskonar sandlög [8] var að finna víðar í skurðinum. Í suður skammsniði var svo moldarblandið sandlag [10] í suðvestur horni. Undir því neðst í suður skammsniði var rótað fornlegt torflag [11] sem í voru H3 og Landnámslagið. Lagið þynntist til austurs. Dálítil bunki af ljósara torfi [12] var að finna neðst í sniði í suðvestur horni. Í norðurenda austursniðs, undir 1477 gjóskunni var einsleitt moldarlag [13] sem í var örlítil koladreif. Neðst í því lagi var H1300. Undir 1300 gjóskunni var óhreyfð fokmold [14] en neðan hennar moldarlag með sandi og smásteinum [15]. Nyrst í sniði var innskot eða niðurgröftur sem í var grátt brennt ruslslag [16]. Neðan þess var samskonar jarðvegur og lag [13] og er líklega um

sama lag að ræða. Neðst í skurði var fremur einsleitt moldarlag sem í var dálítil koladreif efst [17].

Gjóska

Þrjú gjóskulög voru greinanleg í skurðinum. Gjóskulögin 1477 og 1300 voru á sínum stað í mestöllum skurðinum. Mannvistarmerki var að finna milli laganna og eina torfið sem fram kom í skurðinum lá undir 1300 gjóskunni. Neðst í skurði var landnámssyrpan en nokkurra sentímetra óhreyfður jarðvegur var á milli neðstu jarðlaga og lagsins.

Túlkun

Í suðurenda skurðar komu fram augljós merki um norður útmörk bæjarhólsins. Það sást í enda torflags sem var eldra en 1300 en engin merki bygginga eftir þann tíma. Frá miðjum skurði og í norðurenda komu einungis fram mjög rótuð jarðlög sem greinilega hafa rótast sökum vatnsaga.



Mynd 4. jarðlög í skurði 12.

Skurður 12 vestan og ofan bæjarhóls

Skurðurinn var tekinn þvert á brekkuna (austur-vestur) ofan bæjarhóls á svæðinu milli áætlaðra útmarka hólsins og væntanlegs framkvæmdasvæðis. Hann var 3m langur og 1,2m á breidd. Í skurðinum komu að mestu fram náttúruleg jarðlög en dálítið var um kolaáfok. Í sniði komu fram lagskipt fokmoldarlög en á milli sandlög og þykkara lag með sandi og smásteinum. Líkt og í norðurenda skurðar 11 voru merki um vatnsframburð, líklega úr læknum sem hefur runnið norðan bæjarhólsins. Í skurðinum komu fram fimm gjóskulög, H3 var neðst í skurði skammt ofan þess Landnámssyrpan, skammt ofan hennar H1104. Nokkur jarðvegsþykknun hefur orðið milli H1104 og H1300 og einnig milli H1300 og Vv1477.



Mynd 5. Ruslslag yfir torfi úr eldra útihúsi í skurði 14. Stikan er metri að lengd.

Skurður 14 í fjárhústóft – teikning 1 aftast í skýrslu

Skurður 14 var tekinn norður-suður í vegg tóftarinnar sem sést á yfirborði og til suðurs í gegn um mögulega tóftaupphækkun sunnan hennar. Skurðurinn var 1,2m að breidd og 7m að lengd. Dýpt mest um 2m.

Sniðteikning – vestursnið

Efst undir grasrót [1] var moldarríkur rótaður jarðvegur [2] með torfleifum. Hann lá yfir öllu sniðinu. Undir honum norðanvert í sniði var rótað torflag [3] með samskonar torfi og finna mátti í fjárhústóftinni sem greinileg var á yfirborði. Undir því nyrst í skurði kom svo linsa af lagskiptu torfi [4], líklega hrundu veggjatorfi. Undir því var svo lag af brenndu rusli [5], sem í var nokkuð af ösku, kolum og brenndum beinum. Undir því norðanverðu var svo nokkurra sentímetra þykkt rauðbrúnt moldarlag [6]. Neðan þess og undir ruslalaginu var svo þykkt lag af rótuðu torfi [7]. Sumstaðar mátti greina í því heila hnausa og virtist sem að veggjum hefði verið ýtt inn á við þegar sléttað hefur verið úr tóftinni. Torfið virtist ljósara en torfið sem finna má í tóftinni sem sést á yfirborði. Undir torfinu var svo 2-7cm þykkt gólflag [8]. Lagið var fitugt og mikið af trefjum í því, e.t.v. heyi. Sunnan við miðju skurðar lá torflag [7] upp að óhreyfðum jarðvegi en efst í honum var gráleit gjóska um 0,5cm að þykkt (Vv1477). Um 10cm þykkt óhreyft fokmoldarlag [10] með þunnum sandlinsum lá neðan gjóskunnar og kom þar fram annað dekkra gjóskulag um 0,3cm að þykkt (H1300). Um 3cm þykkt fokmoldarlag lá undir þeirri gjósku og yfir leifum kolagrafar [11 og 12]. Efra lagið var dökkt lag með miklu af kolum, dálítilli mold og smásteinum [11]. Undir því var svo moldarjarðvegur með þykkari lögum af kolum [12]. Sunnan miðju skurðar var skilið eftir eins og hálfra metra haft sem í

voru leifar kolagerðar. Efst var röð af steinum sem fyrst var talin vera hluti eldri fjárhúsveggjar en þar sem bæði gráu gjóskulögin lágu upp að steinunum var augljóst að þeir



Mynd 6. Leifar kolagrafar í miðjum skurði 14. Gjóskulögin Vv1477 og H1300 liggja yfir minjunum. Stikan er metri að lengd.

tilheyrðu kolalögunum. Á milli moldar- og kolalaganna [12] var þunn lína af hvíttri gjósku og voru kolalög greinileg bæði ofan á og undir gjóskunni. Uppi við steinana norðan við haftið sem skilið var eftir var um 20cm þykkt fitugt lag [9] með kolum. Skorið hefur verið niður fyrir lagið við gerð fjárhússins og lá torflag [7] yfir laginu.

Gjóska.

Fimm gjóskulög voru greinanleg í sniðinu. Öll virtust þau liggja undir leifum fjárhússins og eldra útihúss undir því. Efsta gjóskulagið var þykkast, grátt að lit allt að 1cm á þykkt. Þar er um að ræða gjósku annað hvort úr Vatnajökli frá 1717 eða úr Heklu 1766. Óhreyfður jarðvegur var á milli þess og grárrar gjósku úr Veiðivötnum frá 1477. Neðan þess lá svo þynnri svört gjóska H1300, nánast engin merki mannvistar fundust á milli gjóskulaganna. Neðan 1300 gjóskunnar var örþunn ljós gjóskulína, líklega H1104. Leifar kolagerðar var að finna bæði milli 1104 og 1300 og neðan 1104. Tveir sentímetrar af óhreyfðri fokmold lágu milli 1300 lagsins og kolagrafarinnar sem bendir til að hún sé frá því nokkru fyrir þann tíma.

Túlkun

Tvö byggingaskeið voru greinanleg í skurðinum. Efst voru leifar fjárhússins sem enn er vel greinilegt á yfirborði og var í notkun og e.t.v. endurhlaðið á 20. öld. Neðan þess voru leifar annars útihúss en veggjum þess hefur verið rutt um þegar endurbyggt var á staðnum. Líklega er um að ræða leifar svokallaðs Lambhúss sem getið er í úttekt Skógabæjar á seinin hluta 19.

aldar.⁴ Neðan þess voru svo leifar tveggja kolagrafa. Líklega hefur verið gert til kola á staðnum, á 11. og 12. öld, e.t.v. fyrr. Þó kann að vera að kolalögin séu afleiðing rauðablásturs eða járnvinnslu þeirri sem ummerki voru um í skurði 15 (sjá lýsingu hér á eftir).



Mynd 7. Leifar gjall- og kolahaugs í skurði 15. Stikan er metri að lengd.

Skurður 15 austan fjárhúss – teikning 2 aftast í skýrslu

Skurður 15 var tekinn í upphækkun austan fjárhústóftar þar sem henni hallar til austurs. Hann lá austur-vestur og var 1,2m að breidd og 4m að lengd. Dýpt var mest 2m.

Sniðteikning – suður- og vestursnið

Undir grasrót [1] var um 30cm þykkt rótað torflag [2] sem lá yfir skurðinum öllum. Torfið var mjög rótaríkt og ekki mjög gamalt að sjá, líklega samskonar torf og er í fjárhústóftinni sem sést á yfirborði. Undir torfinu var moldarlag [3] að mestu óhreyft en þó einhver koladreif í því. Neðst í því lagi var gráleitt gjóskulag sem lá yfir öllum skurðinum (H1300). Undir því var um 3cm þykkt óhreyft fokmoldarlag [4] sem lá ofan á nokkrum haugi [5] af kolum, mold og gjalli [5]. Haugurinn var hæstur vestast í sniði, um 1,5m að þykkt en rétt um 40cm austast í sniði. Haugurinn samanstóð af þykkum lögum af kolum með gjallmolum og stærri gjallklumpum með moldarlögum [6] á milli.

Gjóska

Neðst í skurði var að finna Landnámssyrpuna svokölluðu og skammt neðan hennar H3. Eina gjóskan sem hægt var að greina var grá gjóska sem greind var sem H1300. Hún hefur fallið nokkru eftir að hætt var að henda kolum í hauginn.

Túlkun

⁴ Úttekt á jörðum í Hálshreppi (1892). Héraðsskjalasafn Þingeyinga HRP 39-4, bls. 432-438.

Töluverður haugur af kolum og gjalli benda til umfangsmikillar kola- og járnvinnslu á staðnum. Þessari vinnslu hefur verið hætt fyrir 1300. Rótað torflag liggur yfir járngerðarminjunum en það er líklega tengt byggingu fjárhúsanna á 19.-20. öld.



Mynd 8. Stækkað suðursnið skurðar 8. Mögulegur torfveggur hægra megin á mynd. Stikan er metri að lengd.

Skurður 8 í Geitakofatóft – teikningar 3 og 4 aftast í skýrslu

Tóftin stendur í nokkurri brekku ofan túngarðs og bæjarhóls. Dyr snúa mót austri. Tóftin stendur á því sem virtist vera nokkur upphækkun. Skurður nr. 8 var einn þriggja skurða sem tekinn var í tóftina við rannsóknirnar 2010 en hann var tekinn sunnanvert í austur langvegg og niður brekkuna frá honum. Skurðurinn var stækkaður um 3m lengra til austurs 2011. Hann var alls 7,3m langur og 1,2m breiður. Dýpstur var hann í vesturenda 1,2m en rétt um 50cm djúpur í austurenda.

Sniðteikning – norðursnið (teikning 3)

Undir grasrót [1] kom fram um 20-30sm þykkt fokmoldarlag [2]. Neðan þess var moldarblandað lag [3] með rótuðu torfi og H3. Lagið lá nánast eftir endilöngu sniðinu. Neðan þess í austurenda kom fram þykkt torflag [4], hrun úr vegg tóftarinnar. Í torfinu var H3 en ekki aðra gjósku að sjá. Torfið tilheyrir eldra byggingaskeiði en veggir tóftarinnar sem sjást á yfirborði. Undir hruninu í vesturenda skurðar kom fram einföld röð af grjóti sem virðist hafa legið við neðri útbrún veggjar. Undir steinunum var rótaður jarðvegur líklega frá því að þeim var komið þar fyrir. Neðst í skurði ofan á náttúrulegum jarðlögum var síðan rótað torflag [5] sem í var mikið af H3 og landnámsstyrpunni. Austast í skurði var að finna niðurgröft [6] sem í var rótaður jarðvegur. Tveir steinar lágu neðst í niðurgreftrinum austanverðum. Austan niðurgraftarins var 10cm þykkt þétt lag [7] með mold og flekkjum af H3. Lagið var rétt um metri að breidd og því vart eiginlegt gólflag en virtist þó nokkuð niðurtroðið. Austan þess var

torfbunki [8] með lagskiptu torfi með sandlinsum. Ekki var ljóst hvort um væri að ræða eiginlegan torfvegg þar sem torfið virtist nánast hluti af rótaða torflaginu [3] og virðist hrunið til austurs niður brekkuna. Austast í skurði var rótuð mold í því sem virtist geta verið niðurgreftir eða mishæðir milli þúfna.

Gjóska

Engin gjóska lá yfir jarðlögum í skurðinum í norðursniði en neðst í honum var að finna landnámssyrpuna óhreyfða.

Túlkun:

Tvö byggingaskeið eru sýnileg. Annarsvegar er eldri torfveggur en torfið í honum virkaði heldur einsleitt og lítill litamunur á því. Ofan á þá vegg hefur verið hlaðinn grjótveggur sem með torfi milli steina (kom fram í skurði 9). Sú bygging kann að hafa verið í notkun allt fram á 20. öld. Austar í skurðinum voru mögulega leifar veggjar sem líklega hefur tilheyrt eldra byggingaskeiðinu en hann virtist þó yngri en torfið í eldra byggingaskeiði kofans. Veggnum hefur verið bylt um til austurs.

Sniðteikning – suðursnið (teikning 4)

Undir grasrót [1], vestast í sniðinu var fremur einsleitt moldarlag [2] með dálitlu torfróti. Undir því var rótuð fokmold [3] með sandlinsum og torfleifum. Rótaða lagið [3] lá eftir sniðinu endilöngu. Efst í því var dökkt gjóskulag sem liggur yfir hrundum veggjum eldra byggingaskeiðs tóftarinnar. Lagið var grátt um 1-2cm á þykkt en var ekki greinilegt í norðursniði. Lagið var greint sem mögulegt H1300. Undir því fyrir miðjum skurði var rótað jarðlag [4] með H3, virtist uppmokstur. Undir því var hrunið torf [5], e.t.v. úr vegg. Í torfinu voru sandlinnur og mikið af H3. Líklega sama torf og lag [8] í norðursniði. Þetta torf liggur upp að torfhruni úr Geitakofaveggnum og því yngra en það. Eldri hluti tóftarinnar [6] sem sést á yfirborði hefur hrunið til austurs. Einföld grjótröð hefur legið eftir veggnum utanverðum en hann er annars úr torfi. Torfið er fremur einsleitt en í því var að finna H3 og á einum stað mögulega gjósku 1477. Undir veggnum var rótaður jarðvegur, líklega uppmokstur til að slétta undir tóftina þar sem hún liggur í nokkurri brekku.

Gjóska

Ofan hruns úr eldri tóftaveggjum kom fram gráleit gjóska, líklega H1300. Gjóskan sást ekki yfir jarðlögum í austurenda skurðar og ekki heldur í norðursniði. Önnur gjóskulög í skurði voru Landnámssyrpan í austurenda skurðar og H3 eftir endilöngum skurði, báðar óhreyfðar.

Túlkun sniða í Geitakofa

Tvö byggingaskeið voru greinileg í sniðum. Á yfirborði (og í skurðum 9 og 10 í rannsóknarskýrslu frá 2010) má sjá grjót í hleðslum sem tilheyra síðasta byggingaskeiðinu. Ekki er ólíklegt að sú hleðsla geti verið frá 19.-20. öld. Hleðslan hefur verið reist á eldri veggjaleifum en leifar hans liggja til austurs niður brekkuna. Sá veggur hefur líklega verið fallinn fyrir 1300. Í norðursniði sáust leifar gólflags eða niðurtroðins jarðvegjar utan húsa. Ekkert benti til að um íveruhús manna væri að ræða. Skammt er niður á mól í yngri tóftinni en þó er meiri jarðvegur neðan (austan) tófar en ofan en hún virðist að hluta hafa verið grafin inn í melinn ofanvert. Austan tóftar voru merki um mögulegan torfvegg sem hefur líklega tilheyrt eldra byggingaskeiðinu. Sökum þess hve torfið var rótað var erfitt að greina hvort að um vegg eða einhverskonar upphækkun var að ræða.



Mynd 9. Rótaður jarðvegur í suðurenda skurðar 13.

Skurður 13 við norðaustur horn Geitakofatóftar

Austan við norðausturhorn geitakofatóftar voru mis-hæðir sem virtust geta verið veggjalög. Tekinn var skurður um 3m langur og 1m breiður. Hann lá norður-suður og var tekinn

í gegn um það sem virtust geta verið veggjalög. Engir veggir fundust í skurðinum. Skammt var niður á H3 nyrst í skurði en í suðurenda kom fram rótaður jarðvegur og ummerki um að skorið hafi verið niður í H3. Líklega er um að ræða uppmokstur, e.t.v. til að hækka land framan við dyrnar á kofanum. Ummerki slíks uppmoksturs sást víðar í skurðum. Snið voru ekki teiknuð upp.

Skurður 16 í stekk norðan bæjar – teikning 5 aftast í skýrslu

Tveir skurðir voru teknir í stekkjartóft í gildragi norðan bæjarins. Stærri skurður var tekinn í gegn um suðurvegg rétt við suðaustur horn stekkjar gegn um stekkjurvegginn og inn í stekkin. Skurðurinn lá norður-suður og var 2m langur og 0.8m breiður. Hann var um metri á dýpt.

Sniðteikning – austursnið

Undir grasrót [1] var óhreyfð fokmold [2] um 10cm þykk ofan á veggnum. Í henni var að finna dökkt þunnt gjóskulag, um 0,3cm að þykkt. Lagið var greint sem H1300. Það lá að hluta yfir veggnum og inn í tóftina. Um 1-4cm þykk óhreyfð fokmold var á milli veggjarins og gjóskunnar sem bendir til að hún hafi fallið nokkru eftir að hann var aflagður. Veggurinn hefur hrunið til norðurs inn í tóftina og var þar rótað torflag [3] sem í var að finna H3 og svart þunnt gjóskulag. Veggurinn sjálfur [4] var um 1,5m að þykkt og um 50cm á hæð. Undir honum og inn í tóftina var rótað lag [5] með H3, sléttun undir stekkjurvegginn. Undir henni voru svo náttúruleg jarðlög og Landnámssyrpan kom fram óhreyfð neðst í skurði. Ekkert gólflag sást í skurðinum.


Skurður 17 í gegn um yngri tóft ofan á stekk

Lítill skurður var tekinn í vegg yngri tóftar sem hefur verið hlaðin ofan í lambakró stekkjartóftarinnar. Hann lá norður-suður og var 50cm á breidd og 70cm á lengd. Í torfi var að finna gráleita gjósku (Vv1477) en enga gjósku var að finna ofan á veggnum. Ekkert gólflag var að finna í tóftinni. Skurðurinn var ekki teiknaður upp.

Túlkun

Stekkurinn er affallinn fyrir 1300. Kofatóft herfur verið reist ofan á lambakró stekkjans eftir 1477. Engin ummerki mannvistar eða gólfög var að finna í stekknum.

Aðrar minjar



Mynd 10. Yfirlitsmynd af minjum sem skoðaðar voru.

Túngarður

Við rannsóknina 2010 voru tveir könnunarskurðir gerðir í túngarð sem sjá má á kafla ofan bæjarhóls og liggur suður af hólnum og suður fyrir heimatúnið. Garðurinn var að stofni til frá því fyrir 1300 en endurhlaðinn eftir þann tíma. Garðurinn endar á gilbrún lækjar ofan bæjarhólsins og sést áframhald hans ekki á yfirborði. Á loftmynd af Skógum virðist móta fyrir garðinum norðar lækjargilsins og í boga norður að fjárhústóft nyrst í túni. Borkjarnar voru teknir á nokkrum stöðum í þennan meinta garð en einu merkin um mögulegt torf úr veggnum fundust ofan fjárhústóftarinnar og austan við norðaustur horn hennar. Torfið virtist samskonar og torfið í neðri hluta túngarðsveggjar en það var mjög dreift og skammt niður á mól í þeim kjörnum sem teknir voru. Mjög jarðgrunnt var á svæðinu öllu og hefur garðinum annað hvort verið rutt um eða að hann hefur að hluta horfið við jarðvegseyðingu.

Kolagrafir við stekkjartóft (sjá mynd 4)

Í gílinu sem stekkurinn liggur í fundust fjórar kolagrafir.



Mynd 11. Kolagröf nr. 4 austan og neðan stekkjartóftar.

Kolagröf 1: (Fvnr. 13116)

Kolagröf liggur í móa 26m suðvestur af stekkjartóft. Hringlaga niðurgröftur um 3m í þvermál. Dálítil upphækkun eða kragi er við brúnir niðurgrafterins. Gröfin var um 30cm djúp.

Kolagröf 2: (Fvnr. 13117)

Kolagröf liggur í móa um 10m suðaustur og niður frá stekkjartóft. Hringlaga niðurgröftur um 1,5m í þvermál. Dálítil upphækkun eða kragi er við brúnir niðurgrafterins. Gröfin var um 20cm djúp.

Kolagröf 3: (Fvnr. 13118)

Kolagröf liggur í móa um 19m suðaustur og niður frá stekkjartóft. Hringlaga niðurgröftur um 1m í þvermál. Dálítill upphækkun er við brúnir niðurgraftarins. Gröfin var um 30cm djúp.

Kolagröf 4: (Fvnr. 13116)

Kolagröf liggur í móa um 24m suðaustur og niður frá stekkjartóft. Hringlaga niðurgröftur um 2,5m í þvermál. Þúfnakragi er við brúnir niðurgraftarins. Gröfin var um 40cm djúp. Borkjarni var tekinn í miðju grafarinnar og voru blandaðar kola- og torfleifar á 40cm dýpi. Gjóska úr Veidivötnum frá 1477 lá nokkru ofan við leifarnar og er gröfin vísast nokkuð eldri en það.

Samantekt og niðurstöður

Fornleifarannsóknin 2011 miðaði að því að kanna nánar aldur og gerð minja sem koma til með að hverfa við framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng. Fjárhús og stekkur höfðu bæst við inn á framkvæmdasvæðið sökum breytingar á veglínunni og voru könnunarskurðir teknir í minjarnar. Einnig voru gerðir tveir könnunarskurðir til að finna útmörk minja í bæjarhólnum þar sem hann liggur næst framkvæmdasvæðinu. Könnunarskurður sem tekinn hafði verið í svokallaða Geitakofatóft 2010 var stækkaður til að hægt væri að glöggva sig nánar á hvort eldri minjar leyndust undir tóftinni.

Ljóst er að allar minjarnar sem skoðaðar voru eru innan áhrifasvæðis framkvæmdanna. Geitakofatóft, fjárhústóft, túngarður, stekkur og kolagrafir munu hverfa við framkvæmdir. Bæjarhóllinn er utan framkvæmdasvæðis en norðurendi hans er þó rétt um 15m austan við útmörk svæðis og því mikilvægt að afmarka hann vel til að komast hjá skemmdum vegna framkvæmdanna.

Tafla 2. Fjarlægð skurða frá útmörkum framkvæmdasvæðis. Minjar merktar með rauðu munu að óbreyttu hverfa við framkvæmdirnar en minjar merktar með gulu eru innan 20m frá útmörkum framkvæmda. Aðrar minjar eru í minni hættu. Fjarlægð er gefin frá staðsetningu könnunarskurða eða frá minjunum sjálfum þar sem skurðir voru ekki teknir.

Númer skurðar/minja	Lega	Fjarlægð frá framkvæmdasvæði
Skurður 8	Geitakofi	Á framkvæmdasvæði
Skurður 11	Bæjarhóll	15m
Skurður 12	Bæjarhóll	8m*
Skurður 13	Geitakofi	Á framkvæmdasvæði
Skurður 14	Fjárhús	Á framkvæmdasvæði
Skurður 15	Fjárhús	Á framkvæmdasvæði
Skurður 16	Stekkur	Á framkvæmdasvæði
Fvnr13116	Kolagröf	20m
Fvnr13116	Kolagröf	Á framkvæmdasvæði
Fvnr13116	Kolagröf	Á framkvæmdasvæði
Fvnr13116	Kolagröf	Á framkvæmdasvæði

*engar minjar voru í skurði

Bæjarstæðið

Umfang bæjarstæðisins var metið út frá kjarnaborun og könnunarskurðum og er svæðið sem minjarnar liggja á um 50m langt frá norðri til suðurs og um 35m langt frá austri til vesturs. Viðbótar skurðir og borkjarnar sem teknir voru 2011 bentu í ljós að umfang bæjarhólsins væri líkt og áætlað hafði verið við rannsóknirnar 2010. Engin merki minjar fundust á svæðinu ofan útmarka bæjarhóls og að útmörkum framkvæmdasvæðis. Nyrst á bæjarhólnum eru mannvistarlög nokkuð tekin að þynnast en þar voru þó einhverjar leifar torfs frá því fyrir 1300. Ljóst er hinsvegar að mannvistarlög í norðurenda skurðar hafa spillst vegna bæjarlækjarins sem runnið hefur norðan bæjar.

Fjárhústóft

Leifar fjárhústóftar eru nyrst og efst í túni en fjárhúsin voru í notkun fram á 20. öld. Leifar eldra útihúss fundust undir fjárhústóftinni, líklega lambhúss þess sem getið er í úttektnum á 19. öld. Báðar tóftir eru eftir gjóskufall sem verður líklega á 18. öld. Eldra útihúsið kann því að vera í fyrsta lagi frá seinni hluta 18. aldar en það er í notkun á seinni hluta þeirrar 19. Undir því fundust svo leifar kolagerðar, allt frá því fyrir 1104. Austan fjárhússins kom svo í ljós eins og hálfs metra hár gjall- og kolahaugur sem bendir til járnvinnslu á staðnum. Járngerðarminjar hafa fundist víðar í Fnjóskadal og ljóst er að víða hefur einnig verið gert þar til kola. Í borkjörnunum sem teknir voru í og umhverfis fjárhúsið komu allsstaðar fram kolalög og virðist sem útihúsin hafi verið reist beint ofan á þessum járnngerðarminjum en ekki var ljóst hvort eða hversu stór hluti minjanna kunna að orðið fyrir skemmdum vegna seinni tíma framkvæmda.

Geitakofatóft

Við stækkun skurðar í geitakofatóft kom í ljós að veggir eldri tóftar hafa hrunið til austurs frá tóftinni niður brekkuna austan hennar. Tóftin sem sést á yfirborði kann að hafa verið í notkun fram á 20. öld en vera kann að eldri minjar séu frá því fyrir 1300. Nokkuð var af rótuðu torfið á afmörkuðu svæði neðan tóftarinnar en þar virtist annars skammt niður á forsögulega Heklugjósku og því óvíst hvort heillega veggir væri þar að finna. Tóftin, líkt og bæjarhóll og aðrar minjar standa í nokkurri brekku og má víða sjá að jarðvegi hefur verið mokað upp til að slétta umhverfi tófta og til að hlaða undir veggir.

Stekkur

Stekkurinn liggur upp við brekku norðanvert í dragi um 300m norðan bæjarins. Óvíst er hvenær stekkurinn er reistur en hann virðist kominn úr notkun fyrir 1300. Löngu síðar, eftir 1477, hefur kofi verið byggður ofan í lambakrónna, e.t.v. heystæði. Ekkert eiginlegt gólflag fannst í stekkjartóftinni né heldur yngri tóftinni ofan hennar. Engin merki fundust um að veggir stekkjarins hafi verið endurhlaðnir. Veggjabrot liggur út frá brekkunni um 4m ofan stekkjar og virtist torfið í því samskonar og í stekkjarveggnum. Vera kann að um sé að ræða brot úr hleðslu sem auðveldað hefur aðrekstur inn í stekkin. Framhald veggjarins var þó óljóst þar sem hann liggur í stórþýfðum móa.

Túngarður


Engar óyggjandi vísbendingar fundust um áframhald túngarðsins ofan túns en torfleifar ofan og neðan fjárhústóftar virtust samskonar og í garðinum og kunna því að vera úr honum. Torfið virtist hinsvegar mjög rótað og ekki fundust merki um stæðilegri vegg. Fjárhústóftin hefur þá verið rétt innan garð þar sem að hann lá í boga norður fyrir túnið.

Kolagrafir

Fjórar kolagrafir fundust í gildraginu sem stekkurinn liggur í. Ein þeirra virðist utan framkvæmdasvæðis en þrjár munu lenda inni á framkvæmdasvæðinu. Grafirnar eru frá því nokkru áður en að 1477 gjóskan féll.

Niðurlag

Minjavörður Norðurlands eystra úrskurðaði að rannsaka þyrfti nánar útmörk bæjarstæðis og aðrar minjar vegna breytinga á veglínu vegna væntanlegrar jarðgangnagerðar í landi Skóga í Fnjóskadal. Rannsóknin var framhald rannsókna frá 2010 en alls voru teknir sjö könnunarskurðir til viðbótar við þá 10 sem grafnir voru við fyrri rannsóknina. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort ráðast þurfi í frekari rannsóknir og hvernig þeim yrði þá háttað. Verði breytingar á útmörkum framkvæmdasvæðis eða aðrar breytingar sem kunna að hafa áhrif á mat á áhrifum framkvæmdanna á minjarnar verður að endurskoða niðurstöður rannsókna í því ljósi. Komi aðrar minjar óvænt í ljós við framkvæmdirnar ber að stöðva þær og tilkynna fundinn Fornleifavernd ríkisins



Mynd 12. Mynd sem sýnir staðsetningu borkjarna í og við bæjarhólinn.

Listi yfir borkjarna:

Svæðið ofan bæjarhóls sem verður inni á framkvæmdasvæðinu.

- K1: Á 10cm dýpi kom H3 fram óhreyfð.
- K2: Á 10cm dýpi var komið beint niður á mól.
- K3: Komið beint niður á mól undir grasrót.
- K4: Á 8cm dýpi, rétt undir grasrót kom H3 og óhreyft undir henni.
- K5: Óhreyfð fokmold undir grasrót niður á 30cm dýpi þar komið var niður á stein.
- K6: Undir grasrót var smá rót með torfi niður á 22cm dýpi. Undir því fokmold niður á 30cm þar sem var komið niður á fast.
- K7: Komið niður á stein beint undir grasrót.
- K8: Undir grasrót var komið niður á rótaða torfblandna mold niður á 28cm dýpi. Þar kom H3 fram óhreyfð.
- K9: Undir grasrót var komið niður á kolalag niður á 18cm dýpi. Undir því var mjög rótað moldarlag með flekkjum af H3 og svartri gjósku. Örlítill koladreif. Lagið náði niður á 60cm dýpi þar sem komið var niður á stein.
- K10: Komið beint niður á grjót.

- K11: Undir grasrót var komið niður á rótaða mold með H3, svartri gjósku og koladreif. Rótaða lagið náði niður á 30cm þar sem komið var niður á grjót.
- K12: Grasrót 10cm. Neðan hennar fokmold með smá koladreif, nokkuð þétt moldarlag. Á 25cm var komið niður á grjót.
- K13: Komið beint niður á grjót undir grasrót.
- K14: Undir grasrót var fokmold með dálítilli koladreif undir 35cm þar sem komið var niður á dökka gjósku um 0,5cm á þykkt. Neðan hennar var óhreyfð fokmold og komið niður á fast á 40cm.
- K15: Komið niður á möl undir grasrót.
- K16: Komið niður á möl undir grasrót.
- K17: Komið niður á möl undir grasrót.
- K18: Komið niður á möl undir grasrót.
- K19: Undir grasrót fokmold með svörtum gjóskuflekkjum. Komið niður á H3 á 40cm.
- K20: Óhreyfð lög undir grasrót. Dökkgrá gjóska á 24cm dýpi. Á 35cm dýpi var H3 og Landnámslagið lá á 50cm dýpi.
- K21: Undir grasrót var moldarlag með koladreif niður á 25cm þar sem komið var niður á grjót.
- K22: Undir grasrót var komið niður á fokmoldarlag sem í var dálítill viðaraska. Á 25cm dýpi var svo komið niður á óhreyfða fokmold með sandlinsum niður á 60cm dýpi.
- K23: Komið niður á möl undir grasrót.
- K24: Undir grasrót var komið niður á rótað torf. Torflagið náði niður á 35cm dýpi þar sem komið var niður á óhreyft.

Túlkun kjarna: Rótað torf var við kofatóft ofan bæjarstæðis en engin mannvist var í kjörnum sem teknir voru við útmörk framkvæmdasvæðis. Útmörk bæjarhólsins eru þau sömu og við rannsóknina 2010.

Kjarnar teknir í og við fjárhústóft

- K25: Undir grasrót var laus mold með smá koladreif niður á 25cm dýpi. Þar var komið niður á lausa mold með kolum niður á 55cm dýpi en þar var komið niður á H3.
- K26: Undir grasrót var komið niður á rótaða mold sem náði niður á 25cm dýpi. Þar var komið niður á torfrót niður á 32cm dýpi. Síðan var mold með miklu af kolum niður á 53cm dýpi þar sem komu fram náttúruleg lög.
- K27: Á 12cm dýpi var komið niður á rótaða mold með kolasalla efst og neðst.
- K28: Grasrót niður á 10cm en óhreyfð fokmold niður á 15cm. Á 15cm kom fram ruslallag sem í voru aska, brennd bein og kol. Á 25cm dýpi var rótuð mold með H3 og koladreif niður á 65cm dýpi.
- K29: Undir grasrót var rótað torf með niðuré 35cm dýpi. Þar var komið niður á grátt fitugt ruslallag. Undir henni var rótuð mold með torflefum niður á 66cm þar sem komið var niður á fast.
- K30: Grasrót niður á 10cm. Neðan þess dökkt sendið lag niður á 33cm. Þar neðan fokmold niður á 42cm þar sem kom fram dökk gjóska, líklega H1300. Neðan hennar var voru lagskipt moldar- og kolalög niður á 80cm dýpi.
- K31: Komið niður á grjót undir grasrót.


K32: Grasrót var um 3cm á þykkt en neðan hennar var komið niður á torf. Torfið náði niður á 38cm. Torfið var gamalt að sjá með miklu af H3. Flekkir af svartri gjósku. Á 38cm var komið niður á fast.

Túlkun kjarna: Leifar eldra torfs kom fram neðan fjárhústóftar. Ekkert gólflag kom fram í tóftinni en nokkrar kolaleifar komu fram neðan hennar.

Kjarnar þvert yfir gjallhaug austan fjárhúss

K33: Grasrót niður á 8cm þar neðan við dökkleit fokmold niður á 20cm þar sem kom fram grá gjóska (Vv1477). Neðan hennar var fokmold niður á 39cm þar sem þar sem kom fram svört þunn gjóska (H1300). Neðan gjóskunnar var fokmold blönduð kolum niður á 45cm þar sem kom fram þykk moldarblandin kolalinsa niður á 62cm þar sem komið var niður á H3.

K34: Undir grasrót var dökk mold niður á 35cm dýpi þar sem kom fram dökkt gjóskulag (H1300). Fokmold frá 34-42cm þar sem kom fram kolablandið moldarlag niður á 72cm.



- K35: Undir grasrót var dökk mold niður á 38cm dýpi. Á 38-40cm var kolablandin mold en þar var komið niður á stein.
- K36: Undir grasrót var dökk mold niður á 35cm en þar kom fram fínkornótt kolalag niður á 37cm þar sem var komið niður á fast.
- K37: Grasrót niður á 10cm dýpi. Þar var komið niður á dökkt rótar moldar og torflag niður á 40cm þar sem komið var niður á fast.
- K38: Undir grasrót var blandað moldar og torflag niður á 38cm þar sem komið var niður kol sem borinn komst ekki í gegn um. Líklega komið niður á gjallhauginn.
- K39: Undir grasrót var rótuð dökk mold með torfleifum niður á 40cm. Smá kol komu fram neðst í kjarna en á 42cm komst borinn ekki lengra niður. Líklega komið niður á fast.
- K40: Undir grasrót var rótuð mold niður á 20cm þar sem kom fram þunn dökk gjóska, H1300. Undir henni var mold með koladreif niður á 40cm. Þar kom fram moldarblandið kolalag niður á 50cm dýpi þar sem komið var niður á stein.
- K41: Undir grasrót var rótað moldarlag. Á 20cm dýpi var þunn dökk gjóska., H1300. Neðan hennar var rótað lag með kolum og dálitlu torfi. Á 67-80cm dýpi var mjög kolablandið moldarlag. Neðan þess steinn.
- K42: Undir grasrót var dökk rótuð mold niður á 32cm dýpi. Þar kom fram ljósari mold niður að grárrí gjósku á 45cm dýpi (Vv 1477?). Undir henni var um 1cm óhreyft fokmoldarlag og undir því á 46-60cm dýpi kolablandin mold með þykkari kolalinsu neðst. Á 60cm var komið niður á fast.
- K43: Undir grasrót var dökk mold niður á 30cm dýpi. Á 30cm dýpi kom fram rauðleit mold niður á 40cm. Þar kom fram fornlegt torf með H3 niður á 67cm dýpi. Þar neðan við var óhreyfður jarðvegur.
- K44: Undir grasrót var rótuð fremur einsleit mold með sandlinsum og örlitlu af kolum. Komið var niður á stein á 40cm dýpi og var þunnt kolalag neðst í kjarnanum.
- K45: Á 15cm dýpi kom fram 30cm þykkt torflag með H3.


Túlkun kjarna: Kjarnar voru teknir í röð þvert yfir hólinn austan fjárhússins. Í öllum kjörnum komu fram vísbendingar um kol en fyrir miðju hólins var nokkuð stutt niður á þessi kolalög. Dýpra er niður á þau beggja vegna hól. Það má því álykta að gjall og kolahaugurinn sem er kom fram í skurði sé hæstur fyrir miðju hól en þynnist út til norðurs og suðurs. Það kann því að vera að haugurinn sé nokkuð heillegur. Við norðaustur enda kom fram fornlegt torf sem kunna að vera leifar túngarðsins en einnig kunna þar að vera leifar eldri bygginga.

Kjarnar í mögulegan túngarð ofan fjárhúss

- K46: Komið niður á stein beint undir grasrót.
- K47: Komið niður á stein beint undir grasrót.
- K48: Komið niður á stein beint undir grasrót.
- K49: Undir grasrót kom fram torflag niður á 33cm dýpi. Gamallegt torf með H3. Koladreif neðst undir torfi en neðan þess óhreyft. Steinn á 40cm dýpi.
- K50: Fokmold niður á 35cm dýpi en þar var komið niður á H3.
- K51: Undir grasrót var rótuð mold með smá torfi og flekkjum af H3. Komið niður á stein á 35cm dýpi.
- K52: Undri grasrót var rótað moldar og torflag með linsum af H3. Á 33cm dýpi var komið niður á náttúruleg jarðlög.

- K53: Undir grasrót kom fram rótað torf með linsum af H3 niður á 34cm þar sem komið var niður á stein.
- K54: Undir grasrót á 14cm dýpi var fornlegt torf með linsum af H3. Komið niður á stein á 38cm dýpi.
- K55: Undir grasrót var moldar- og torfrót sem í var H3 og svört gjóska. Á 35cm dýpi kom fram linsa af svartri gjósku sem virtist á sínum stað. Óhreyft neðan hennar en steinn á 38cm dýpi.

Túlkun kjarna: Rótað fornlegt torf kom fram í kjörnum en það virtist rótað fremur en lagskipt þannig að óvíst er hvort að þar hefur verið um heillegan torfvegg að ræða. Torfið virðist þó samskonar og torfið sem var í eldri gerð túngarðsins.




Kjarnar teknir umhverfis og við stekkjartóft

- K56: Kjarni var tekinn í kolagröf (kolagröf 1) ofan við stekkjartóft. Undir grasrót á 7cm dýpi var óhreyfð fokmold niður á 73cm dýpi. Þar var lag með kolum um 7cm þykkt en óhreyfð jarðlög neðan þess.
- K57: Kjarni tekinn 5m austan við kolagröf 1. Fokmold niður á 13cm dýpi. Þar var 1,5cm kolalag og óhreyft neðan þess. H3 á 20cm dýpi.
- K58: Kjarni tekinn í gólf stekkkjar. Undir grasrót var rótað moldarlag frá 20cm niður á 60cm. Á 60cm kom fram 10cm þykkt rótað torflag. Undir því óhreyft. Ekkert gólf var greinanlegt í kjarnanum.

- K59: Tekinn í gólf yngri tóftar. Grusrót 10cm þykk. Þar neðan við rótað torf niður á 40cm. Á 40cm dýpi var dökkt lífrænt lag með dálitlum kolum. Á 40-80cm var rótað moldar og torflag með flekkjum af grárri gjósku (Vv1477?), e.t.v. uppfylling í stekkjartóftinni til að slétta undir yngri tóftina.
- K60: Tekinn í óglöggvægjabrot vestan tóftanna. Á 20cm dýpi kom fram torf með H3 niður á 45cm. Þar neðan við var óhreyft niður á 50cm en þar var H3 in situ.
- K61: Kjarninn var tekinn innan við garðbrot vestan stekkjara. Mold niður á 40cm þar sem H3 var óhreyfð. Einstaka kolamoli í kjarnanum.
- K62: Kjarni tekinn í kolagröf 4 neðan og austan stekkjara. Grusrót 8cm þykk en á 15cm var óhreyfð grá gjóska (Vv1477?) Óhreyft undir henni niður á 40cm en þar kom fram rótað moldarlag með einstaka kolamola. Um 7cm þykkt kolalag var á 40cm dýpi. Þar neðan óhreyft.

Túlkun kjarna: Kolagrafir umhverfis stekki eru frá því fyrir 1477. Engin gólfög fundust í stekki.

Kjarnar teknir umhverfis geitakofa



K63: Kjarninn var tekinn í brekkunni norður af könnunarskurði. Undir grusrót rótaður jarðvegur niður á 35cm dýpi. Þar fyrir neðan óhreyft og H3 á sínum stað á 40cm.

K64: Kjarninn var tekinn í brekkunni norður af könnunarskurði. Rótuð mold með torflefum undir grusrót og niður á 40cm dýpi þar sem fram kom H3, óhreyfð.

K65: Kjarninn var tekinn rétt sunnan könnunarskurðar. Rótuð, torfblandin en fremur einslit mold niður á 16cm þar sem komið var niður á náttúruleg lög.


Túlkun kjarna: Stutt virðist niður á náttúruleg lög umhverfis tóftina og virðast jarðlög þykkast fast austan hennar. Engin óbyggjandi merki komu fram um veggjatorf.

Tafla 3. Staðsetning borkjarna..

Nr. Kjarna	Austun	Norðun	Dagsetning
Kjarnar teknir ofan bæjarhóls			
K1	549611,873	581466,214	25.5.2011
K2	549610,817	581464,538	25.5.2011
K3	549607,55	581463,843	25.5.2011
K4	549611,907	581472,511	25.5.2011
K5	549615,281	581471,015	26.5.2011
K6	549615,065	581460,387	25.5.2011
K7	549615,258	581453,882	25.5.2011
K8	549613,936	581452,681	25.5.2011
K9	549634,353	581469,093	25.5.2011
K10	549631,917	581470,928	25.5.2011
K11	549629,695	581469,532	25.5.2011
K12	549627,961	581468,647	25.5.2011
K13	549625,789	581492,642	25.5.2011
K14	549624,339	581491,698	25.5.2011
K15	549620,912	581491,122	25.5.2011
K16	549616,647	581490,214	25.5.2011
K17	549627,315	581492,128	25.5.2011
K18	549630,876	581491,994	25.5.2011
K19	549616,627	581483,776	25.5.2011
K20	549612,479	581480,167	25.5.2011
K21	549641,61	581504,244	25.5.2011
K22	549639,03	581504,635	25.5.2011
K23	549639,276	581507,509	25.5.2011
Kjarnar teknir í og við fjárhús			
K24	549604,115	581552,233	25.5.2011
K25	549604,975	581553,035	25.5.2011
K26	549601,922	581546,275	25.5.2011
K27	549610,193	581554,34	26.5.2011
K28	549608,317	581545,108	25.5.2011
K29	549604,72	581542,05	25.5.2011
K30	549602,11	581540,08	28.5.2011
K31	549598,049	581537,125	28.5.2011
K32	549594,281	581539,354	28.5.2011
Kjarnar teknir þvert yfir upphækkun austan fjárhúss			
K33	549613,918	581541,163	30.5.2011
K34	549613,162	581542,744	30.5.2011
K35	549612,513	581544,714	30.5.2011
K36	549611,792	581546,645	28.6.2011
K37	549611,081	581548,625	30.5.2011
K38	549610,556	581550,247	30.5.2011
K39	549609,941	581552,323	30.5.2011
K40	549609,467	581553,839	30.5.2011
K41	549608,515	581555,903	30.5.2011
K42	549607,806	581557,875	30.5.2011
K43	549607,188	581559,722	30.5.2011
K44	549606,485	581561,447	30.5.2011


Kjarnar teknir þvert yfir upphækkun austan fjárhúss			
K45	549608,17	581560,876	30.5.2011
K46	549594,337	581538,973	30.5.2011
K47	549593,644	581539,059	30.5.2011
K48	549592,717	581539,401	30.5.2011
K49	549591,783	581539,853	30.5.2011
K50	549590,816	581540,444	30.5.2011
K51	549590,046	581540,654	30.5.2011
K52	549589,464	581541,58	30.5.2011
K53	549588,953	581542,183	30.5.2011
K54	549589,379	581541,295	30.5.2011
K55	549587,927	581542,266	30.5.2011
Kjarnar teknir í og umhverfis stekk			
K56	549615,981	581777,552	
K57	549615,981	581777,552	27.5.2011
K58	549623,279	581779,326	27.5.2011
K59	549632,005	581805,018	27.5.2011
K60	549629,357	581802,008	27.5.2011
K61	549626,314	581796,293	27.5.2011
K62	549626,293	581798,281	27.5.2011
K63	549655,512	581820,996	27.5.2011
Kjarnar teknir neðan við Geitakofatóft			
K64	549581,791	581427,147	27.5.2011
K65	549582,866	581424,316	27.5.2011
K66	549584,407 m	581420,339	27.5.2011

Teikning 1
Skógar í Fnjóskadal 28.05.2011
Skurður 14- vestursnið í fjárhústóft
Teikn. GZ, BZ



- | | | | |
|---|--|--|---|
|  [1] Grusrót |  [4] Lagskipt torf, hrun úr vegg |  [7] Rótað veggjatorf með greinilegum hnausum |  [10] Fokmold með sandlinum |
|  [2] Rótað mold og torf með mikilli grusrót |  [5] Grátt, fitugt ruslslag með kolum og brenndum beinum |  [8] Gólfag, þétt, fitugt með lífrænum trefjum |  [11] Dökkt lag með mold, kolum og smásteinum |
|  [3] Torflag yfir ruslalagi |  [6] Rauðbrúnt moldarlag |  [9] Þétt, fitugt lag ofan á kolalagi |  [12] Mold með lögum af kolum |

Teikning 2
 Skógar í Fnjóskadal 28.05.2011
 Skurður 15, Suður og vestursnið
 Tekn GZ, BZ



[1] Grasnót



[4] Fokmold



[2] Torf, rótaríkt



[5] Kol, gjall og
smásteinar





[3] Óhreyft jarðlag
með dálítilli koladreif




[6] Rótað moldarlag
milli kolalaga

Teikning 3
Skógar í Fnjóskadal 27.05.2011
 Stækkað norðursnið í skurð 8 í geitakofa
 Teikn. GZ, BZ



- | | | |
|---|--|--|
|  [1] Grásrót |  [4] Hrun úr torfvegg rauðleitt torf með H3 |  [7] Þétt moldarlag með dálitlu af H3 |
|  [2] Óhreyfð fokmold |  [5] Rótað gulleitt torf með H3 og LnL |  [8] Lagskiptara torf að hluta með sandlinsum og H3 |
|  [3] Rótuð mold með H3 og torfflekkjum |  [6] Niðurgröftur með rótuðum jarðvegi, mikið af H3 |  [9] Rauðbrún mold með smá rótuðu torfi og H3 |

Teikning 4
Skógar í Fnjóskadal 27.05.2011
Suðursnið í framlengdum skurði nr. 8 í Geitakofa
 Teikn. GZ, BZ



Teikning 6
Skógar í Fnjóskadal 26.05.2011
Austur langsnið og suður skammsnið í skurði 11
Teikn. GZ, BZ

